

Föstudaginn 20. október 1989.

Nr. 255/1989. **Ákærvaldið**

(Björn Helgason saksóknari)

gegn

Óskari Þorgeiri Þorgeirssyni

(Jón Bjarnason hrl.).

Líkamsárás.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Bjarni K. Bjarnason, Benedikt Blöndal og Hrafn Bragason.

Ríkissaksóknari hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar að ósk ákærða með áfrýjunarstefnu 19. júní 1989 og einnig af ákærvaldsins hálfu „til sakfellingar samkvæmt ákæru og þyngingar á refsingu“. Við flutning málsins krafðist ákærvaldið þess, að staðfest yrði ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakfellingu, en ákærða dæmd refsing, svo og, að ákærða yrði dæmt að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins.

Ákærði krefst sýknu af öllum kröfum ákærvalds og að allur kostnaður sakarinnar verði lagður á ríkissjóð.

Í hinum áfrýjaða dómi er skaðabótakrafa talin vanreifuð, og var henni vísað frá dómi. Kemur hún því eigi til álita fyrir Hæstarétti, sbr. 1. mgr. 147. gr. laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála.

Í vottorði Rögnvalds Þorleifssonar, læknis á slysadeild Borgarspítalans í Reykjavík, dags. 19. ágúst 1986, um áverka Halldórs Þórhallssonar við komu hans á slysadeildina eftir átök þeirra ákærða segir meðal annars: „Ca. 2 cm langur skurður var ofan við vi. mjaðmarkamb, framarlega. Ekkert blæddi, sem hét, úr þessum skurði. Ekki fundust nein einkenni um innri áverka í kviðarholi, aðeins voru dálítill eymsli á smábletti í kringum sárið. Reynt var að kanna sárið lítillga, en það virtist ekki ná inn í kviðarhol. Því var síðan lokað með nokkrum saumum í húðina og sjúkl. ávisað fúkalyfi. Ekki þótti ástæða til að leggja sjúkl. inn á spítala, en honum var bent á að leita hið bráðasta til spítalans aftur, ef hann fengi einkenni frá kviðarholinu; að öðrum kosti var honum stefnt til eftirlits á slysadeildina að 10 dögum liðnum. Halldór kom á slysadeildina 15/7. Sárið var þá eðlil. gróið og líðan sj. góð. Saumar voru

nú fjarlægðir. Frekara eftirlit þótti ekki nauðsynlegt á slysadeild-inni.“

Samkvæmt gögnum, sem lögð hafa verið fyrir Hæstarétt, er ákærði 171 cm að hæð, en Halldór Þórhallsson 182 cm. Ákærði er fæddur árið 1926, en Halldór 1957. Ákærði olli áverka Halldórs Þórhallssonar í átökum, sem Halldór átti upphaf að.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms og þess, sem nú var rakið, ber að staðfesta þá niðurstöðu, að háttsemi ákærða varði við 217. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, sbr. 10. gr. laga nr. 20/1981. Samkvæmt 3. mgr. 218. gr. a almennra hegningarlaga, sbr. 12. gr. laga nr. 20/1981, þykir, eins og hér stendur á, rétt að láta refsingu ákærða falla niður.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað á að vera óraskað.

Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað af áfrýjun málsins, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Refsing ákærða, Óskars Þorgeirs Þorgeirssonar, fellur niður.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað á að vera óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun, í ríkissjóð, 35.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Bjarnasonar hæstaréttarlögmanns, 35.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 12. apríl 1989.

Ár 1989, miðvikudaginn 12. apríl, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er að Borgartúni 7 af Guðjóni St. Marteinssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 182/1989: Ákærvaldið gegn Óskari Þorgeiri Þorgeirssyni, sem tekið var til dóms 10. apríl sl.

Málið er höfðað með ákæruskjali, dagsettu 4. mars 1987, á hendur „Óskari Þorgeiri Þorgeirssyni, Goðheimum 11, Reykjavík, fæddum 12. september 1926 í Vestmannaeyjum, fyrir líkamsárás með því að hafa aðfaranótt laugardags 5. júlí 1986 um kl. 1.00 í garðinum við húsið Goðheima 11, Reykjavík, lagt til Halldórs Þórhallssonar, Goðheimum 11, með skrúfjárn. Kom lagið í kvið Halldóri, sem fluttur var á slysadeild Borgarspítalans til aðgerðar.

Atferli ákærða telst varða við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, en til vara við 217. gr. sömu laga.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.“

Skipaður verjandi ákærða flutti munnlega vörn í málinu 10. apríl sl. og gerði þær dómkröfur, að ákærði yrði sýknaður af kröfum ákæruvaldsins og af fram komnum bótakröfum. Þá er þess krafist, að sakarkostnaður verði greiddur úr ríkissjóði, þ.m.t. málsvarnarlaun. Málið var tekið til dómsálagningar þann dag.

Samkvæmt sakavottorði ákærða, dagsettu 29. mars sl., eru 25 ár síðan ákærði gekkst undir sátt fyrir umferðarlagabrot, og þykir ekki ástæða til að rekja sakavottorðið frekar hér.

Málsatvik.

Aðfaranótt laugardags 5. júlí 1987 var lögreglan kvödd að húsinu nr. 11 við Goðheima, en þar hafði verið framin líkamsárás. Samkvæmt skýrslu lögreglu hafði ákærði í máli þessu stungið Halldór Þórhallsson með einhverju oddhvössu, og var Halldór fluttur á slysadeild Borgarspítalans til aðgerðar sama kvöld.

Verður nú rakinn framburður ákærða og Halldórs Þórhallssonar hjá lögreglu.

Ákærði var yfirheyrður hjá RLR 5. júlí 1986, og lýsti hann þá því, er gerðist við Goðheima 11 fyrr um kvöldið. Ákærði kvað atburð, er varð kvöldið áður, vera aðdraganda þess, er gerðist aðfaranótt laugardagsins 5. júlí 1986. Ákærði kvaðst hafa verið að heiman greint kvöld, en eiginkona sín verið heima. Ákærði kvað það hafa verið nærri miðnætti, er hjónin, sem bjuggu í kjallara hússins Goðheima 11, komu heim til sín aðfaranótt föstudags, að eiginkona sín hefði orðið vitni að því, er hjónin í kjallaranum voru að troða ungu barni sínu inn í gluggalausa geymslu. Ákærði kvað eiginkonu sína hafa farið að skipta sér af þessu og þá að sögn ákærða hafa fengið óblíðar viðtökur hjá hjónunum. Ákærði kvað þessi samskipti hafa endað með því, að eiginkona sín hafi kvatt lögreglu á vettvang.

Ákærði kvaðst síðar, eftir að sjónvarpsdagskrá lauk aðfaranótt laugardags 5. júlí, hafa fengið sér göngutúr og síðar haldið út í garð við heimili sitt og þar m.a. „gert upp“ garðslöngu. Kvað þá ákærði Halldór Þórhallsson, íbúa í kjallara hússins, skyndilega hafa birst og ásakað sig um að liggja á gægjum á glugga kjallarans. Ákærði kvað þegar hafa neitað þessum ásökunum og sagst vera að gera upp garðslönguna. Ákærði kvað Halldór sýnilega hafa verið undir áhrifum áfengis og ekki tekið skýringar sínar gildar.

Ákærði kvað Halldór síðar hafa viðhaft ummæli í garð konu sinnar,

er ákærði kvaðst ekki hafa hirt um að svara, og ætlað að halda inn til sín. Ákærði kvað Halldór þá hafa varnað sér að komast áfram, fyrst með því að setja handlegginn í veg fyrir sig, en síðan hrist sig til og frá. Ákærði kvaðst, er hér var komið sögu, hafa fundið, að við ofurefli var að etja og þá misst stjórn á skapi sínu, er Halldór kastaði sér til og frá. Ákærði kvaðst þá hafa tekið upp skrufjárn úr vasa sínum og haft í hyggju að stinga því í mjöðm Halldóri, en stungan hefði að sögn ákærða lent einhvers staðar í kviði Halldórs. En ákærði kvað erfitt að átta sig á þessu atviki, er gerst hefði í mikilli skyndingu.

Ákærði kvað Halldór ekki hafa sleppt sér lausum, fyrr en eiginkona hans kom þar að og kallaði til Halldórs og hafi þá hvor um sig haldið til síns heima.

Halldór Þórhallsson var yfirheyrður hjá lögreglu 8. júlí 1986. Lýsti hann heimkomu þeirra hjóna aðfaranótt föstudags 4. júlí 1986. Kvað hann þau hjónin hafa komið heim með börn sín tvö laust eftir miðnætti og hefðu börnin verið úrvinda af þreytu. Halldór kvað yngri dóttur sína, er þá var tveggja ára, hafa grátið mjög og viljað leika sér úti, er heim var komið. Eiginkona sín hefði þá spurt hana, hvort hún vildi sofa í geymslu, og hallað hurðinni aftur, en opnað jafnskjótt aftur. Halldór kvað eiginkonu ákærða hafa komið út á tröppur og farið að skipta sér af því, er fram fór. Halldór kvaðst hafa haldið inn til sín, en komið síðan aftur út, er hann heyrði á tal konu sinnar og eiginkonu ákærða, og greindi Halldór frá því, að eiginkona ákærða hefði kallað lögreglu að Godheimum 11 og sagt, að lítið barn hefði verið lokað inni í ruslageymslu.

Halldór bar við nefnda lögregluyfirheyrslu, að kvöldið eftir atburðinn, þann er lýst er að framan, hefði hann ásamt eiginkonu sinni setið inni í stofu íbúðar sinnar, er þau sáu einhvern liggja á hleri við gluggann. Halldór kvaðst hafa séð, að þetta var ákærði, og því stokkið út og spurt eitthvað á þessa leið: „Hvað ertu að gera? Stendurðu á hleri? Skammastu þín ekkert fyrir konuna þína eftir það, sem hún gerði í gær?“ Halldór kvaðst síðan hafa tekið framan í fót ákærða og ítrekað spurningu sína og viljað fá svör við því, hvað ákærði væri að gera þarna við gluggann. Halldór kvaðst ekki hafa gert sér grein fyrir því, hvað nú gerðist, en í fyrstu hafa haldið, að ákærði hefði slegið sig í mjöðmina. En er hann hefði séð blæða úr sér, hefði sér orðið ljóst, að ákærði hefði stungið sig með einhverju.

Í lok yfirheyrslunnar hjá lögreglu, er rakin hefur verið, kvaðst Halldór ekki vilja fullyrða, hvort ákærði var að vökva garðinn fyrrgreint kvöld eða hefði legið á gægjum. Halldór kvaðst hafa talið ákærða á gægjum.

Ákærði var yfirheyrður hér fyrir dómi 25. janúar 1987 og þá borið undir ákærða sáttaboð frá ríkissaksóknara vegna brots ákærða gegn 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, eins og segir í bréfi ríkissaksókn-

ara, dagsettu 20. janúar 1987. Ákærði hafnaði sáttaboðinu og kvaðst hafa orðið mjög hræddur, þegar Halldór Þórhallsson veittist að sér í garðinum við Goðheima 11 5. júlí 1986. Ákærði kvað sér hafa fundist Halldór vera mun sterkari og þess vegna gripið til skrufjárnsins, er hann hafði í vasa sínum.

Verður nú rakinn framburður ákærða og vitna hér fyrir dómi eftir útgáfu ákærunnar.

Ákærði var yfirheyrður fyrir dóminum 18. apríl 1988. Hann viðurkenndi að hafa lagt til Halldórs Þórhallssonar með skrufjárn, svo sem greint er í ákæru. Ákærði kvaðst hafa gripið til sjálfsvarnar og kvaðst hafa orðið hræddur um líf sitt. Hann bar efnislega á sama veg og rakið var að framan um atburðina kvöldið áður en atburður sá gerðist, er ákært er út af. Ákærði bar efnislega á sama veg og rakið hefur verið um aðdraganda átaka milli sín og Halldórs. Kvað hann Halldór hafa tekið í jakkaboðunga sína og hent sér fram og aftur. Kvaðst hann þá hafa orðið hræddur og hafa fundið fyrir verk fyrir brjósti, en ákærði kvaðst vera veill fyrir hjarta. Ákærði kvaðst ekki hafa þorað að spyrna í vegg fyrir aftan sig og reyna þannig að losna við Halldór og skella honum, því að hann kvaðst hafa verið hræddur um að skaða þannig Halldór. Þá kvað ákærði sér hafa komið í hug að nota skrufjárn, er hann hafði í vasa sínum, og pota því í Halldór. Ákærði kvað þá eiginkonu Halldórs hafa komið aðvifandi og kallað á mann sinn, og þannig hafi átökum þeirra lokið.

Ákærði var loks yfirheyrður hér fyrir dómi 8. mars sl. og bar þá efnislega á sama veg og áður og kvað sem fyrr einungis hafa verið um nauðvörn af sinni hálfu að ræða og ætlunin ekki verið að slasa Halldór.

Vitnið Halldór Þórhallsson var yfirheyrt hér fyrir dóminum 18. apríl 1988. Halldór bar þá enn um atburði, er urðu aðfaranótt 4. júlí 1986. Kvaðst hann hafa haldið út í garð við heimili sitt, þar sem þau hjón hafi talið mann vera að gægjast á gluggann. Kvaðst hann hafa hitt ákærða þar fyrir og spurt hann, hvað hann væri þar að gera. Halldór kvaðst hafa tekið í jakka ákærða til að leggja áherslu á spurningu sína. Engin átök kvað hann hafa orðið önnur en þau, að hann hefði tekið í jakkaboðunga ákærða til að leggja áherslu á spurningu sína, og þá hafi ákærði stungið sig.

Vitnið Halldór Þórhallsson var yfirheyrt fyrir dóminum 8. mars sl. og kvað aðdraganda atburðarins, er hér er ákært út af, hafa verið ósætti milli sín og ákærða. Halldór bar enn á sama veg um það að hafa tekið í jakkaboðunga ákærða til að leggja áherslu á spurningu sína til ákærða, sem þá hefði hlaupið í burtu. Kvaðst Halldór þá hafa fundið til verkjar í síðu.

Vitnið Stefánía Þóra Flosadóttir, eiginkona Halldórs Þórhallssonar, hefur borið efnislega á sama veg og rakið hefur verið að framan um atburði, er urðu kvöldið áður en atburður sá, er hér er ákært út af. Hún

kveðst ekki hafa verið vitni að atburði þeim, er ákært er út af, en komið að skömmu eftir að atburðurinn varð. Hún kvað atburðina kvöldið áður hafa haft áhrif á atburð þann, er ákært er út af. Stefanía kvaðst ekki geta fullyrt, hvort ákærði hefði verið í garðinum sérstaklega til að gægjast á glugga eða verið að huga að gróðri.

Vitnið Ásbjörg Helgadóttir, eiginkona ákærða, hefur borið efnislega eins og rakið hefur verið um það, er hún taldi aðdraganda atburðar þess, er ákært er út af. Ásbjörg kvaðst fyrst hafa vitað um atburðinn, er ákærði kom náfölnur upp í íbúð sína og kvað Halldór Þórhallsson hafa ráðist á sig og varnað sér inngöngu og hrist sig til og frá. Ásbjörg kvaðst hafa lagt ákærða til, og hafi hann þegar tekið inn lyf vegna hjartveiki sinnar.

Ákærði og vitni þau, er getið er um að framan, hafa öll borið um erfitt sambýli og árekstra milli Halldórs Þórhallssonar og Stefaníu, konu hans, annars vegar og hins vegar ákærða og Ásbjargar, konu hans.

Niðurstöður.

Svo sem rakið hefur verið, eru ákærði og Halldór Þórhallsson hinir einu, er bera um atburð þann, er ákært er út af. Ákærði kveður Halldór hafa veist að sér, og af sinni hálfu hafi verið um neyðarvörn að ræða, þar sem hann hafi fundið til afslsmunar, og einnig kveður ákærði veikindi sín hafa haft áhrif á það, hver viðbrögð sín voru við áreitni Halldórs. Halldór hefur borið að hafa nýtt áfengis kvöldið, er atburður sá gerðist, er ákært er út af.

Halldór Þórhallsson hefur borið, að hann hafi tekið í jakkaboðung ákærða til að leggja áherslu á að fá svör við spurningum sínum. Halldór kvað engin eiginleg átök hafa orðið.

Gegn neitun ákærða er ekki sannað, að hann hafi verið að gægjast á glugga á íbúð Halldórs Þórhallssonar aðfaranótt 5. júlí 1986. Svo sem framburði vitna er háttað svo og með vísan til framburðar ákærða, telur dómurinn, að ferðir ákærða í garði hússins umrætt kvöld hafi verið til þess að gera upp garðslöngu, en svo sem gögn málsins bera með sér, er ekki óeðlilegt, að skugga af ákærða hafi borið á glugga íbúðar á jarðhæð hússins, enda kvaðst vitnið Stefanía Þóra Flosadóttir ekki geta fullyrt, hvort ferðir ákærða í garði hússins umrætt kvöld hefðu sérstaklega verið til að gægjast á glugga eða til að huga að gróðri.

Þegar ofanritað er virt, telur dómurinn, að Halldór Þórhallsson hafi með háttsemi sinni gagnvart ákærða aðfaranótt 5. júlí 1986 reitt ákærða svo til reiði og komið honum í slíka geðshræringu, að kærði hlaut að grípa til sinna ráða, enda upplýst í málinu, að ákærði er haldinn hjartasjúkdómi. Þótt ákærði hafi haft fulla ástæðu til að bæga Halldóri frá sér í umrætt sinn, verður ekki litið á viðbrögð ákærða sem neyðarvörn, sbr. 12. gr. almennra hegningarlaga.

Með framburði ákærða, sem studdur er öðrum gögnum málsins, telur dómurinn sannað, að ákærði hafi framið háttsemi þá, er í ákæru greinir.

Með vísan til alls ofanritaðs og með vísan til gagna málsins telur dómurinn háttsemi ákærða varða við 217. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 10. gr. laga nr. 20/1981. Með vísan til lokaákvæðis 3. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 12. gr. laga nr. 20/1981, þykir eftir atvikum rétt að fresta ákvörðun um refsingu ákærða og að hún falli niður að liðnu einu ári frá birtingu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Halldóri Þórhallssyni var undir rekstri málsins gefinn kostur á að rökstyðja bótakröfur sínar. Dóminum þykja kröfur Halldórs ekki nægilega rökstuddar, og er þeim vísað frá dómi.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun, 30.000,00 kr., til skipaðs verjanda, Jóns Bjarnasonar hrl.

D ó m s o r ð:

Ákvörðun um refsingu ákærða, Óskars Þorgeirs Þorgeirssonar, skal fresta og hún niður falla að einu ári liðnu frá birtingu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með 30.000,00 kr. í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda, Jóns Bjarnasonar hæstaréttarlögmanns.